FLENSBORGARSKÓLINN
Heilsueflandi framhaldsskóli

Hafnarfirði, 3. janúar 2021

Gleðilegt nýtt ár kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn.

Það styttist í að skólastarf hefjist að nýju. Stundatöflur nemenda verða birtar á INNU síðar í dag og fyrsti kennsludagur vorannarinnar er fimmtudagurinn 7. janúar. Við hefjum önnina á fjarkennslu hjá öllum nemendum **nema nýnemum og nemendum á starfsbraut** en frá og með mánudeginum 11. janúar er stefnt að því kennsla verði að mestu í staðnámi, sjá nánar á mynd um skipulag hér fyrir neðan.

Skipulag V2021	
Þriðjudagurinn 5. janúar	**Undirbúningsdagur kennara og starfsfólks. Töflubreytingar** eldri nemenda hefjast og fara fram í gegnum INNU, sjá leiðbeiningar á heimasíðu skólans
Miðvikudagurinn 6. janúar	**Undirbúningsdagur kennara og starfsfólks**
Fimmtudagurinn 7. janúar	**Kennsla hefst samkvæmt stundatöflu.**
	Nýnemar koma í skólann í stokka A, B, C og D. Stjórnendur hitta nýnema í fyrsta og þriðja tíma og fara yfir skipulag annarinnar og geta nýnemar óskað eftir töflubreytingum í framhaldinu á netfangið flensborg@flensborg.is.
	Nemendur á starfsbraut mæta einnig í skólann samkvæmt stundatöflu. Áslaug Þórðardóttir sviðsstjóri starfsbrautar mun senda bréf með nánari leiðbeiningum um skólastarfið
	Allir aðrir nemendur eru í fjarkennslu. Töflubreytingum lýkur á miðnætti
Föstudagurinn 8. janúar	Allir nemendur í fjarkennslu nema nýnemar og nemendur á starfsbraut
	Nýnemar mæta í skólann samkvæmt stundatöflu í stokka F og G.
Mánudagurinn 11. janúar	**Allir nemendur skólans mæta í staðnám samkvæmt stundatöflu í stokka A, B, C og D**. Stokkar E, F og G í fjarkennslu að mestu, sjá stundatöflu

Ég minni á nýja stokkatöflu og hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur hana vel. Kennsla hefst samkvæmt stundatöflu klukkan 08:30 alla morgna og lýkur alla daga klukkan 15:50 nema á föstudögum en þá lýkur kennslu klukkan 12:55. Til að byrja með verða A, B, C og D stokkar í staðnámi, E, F og G í fjarnámi að hluta. Athugið að í nýrri töflu er gert ráð fyrir 50 mínútna hádegis- og/eða kaffihléi svo að nemendur geti m.a. farið á milli staða.

Rammastundaskrá V2021

Tímar	Mán	Tímar	Þri	Mið	Tímar	Fim	Fös	Tímar
8:30-9:30	A	8:30-9:30	F	G	8:30-9:30	A	E	8:30-9:30
9:35-10:35	B	9:35-10:35	G	E	9:35-10:35	B	F	9:35-10:35
10:45-11:45	C	10:35-11:25	HLÉ/FERÐATÍMI	HLÉ/FERÐATÍMI	10:45-11:45	C	F	10:45-11:45
11:55-12:55	D	11:25-12:25	D	C	11:55-12:55	D	G	11:55-12:55
12:55-13:45	HLÉ/FERÐATÍMI	12:30-13:30	C	D	12:55-13:45	HLÉ/FERÐATÍMI	HLÉ/FERÐATÍMI	12:55-13:30
13:45-14:45	E	13:45-14:45	B	A	13:45-14:45	E	Fundartími	13:30 - 14:30
14:50-15:50	F	14:50-15:50	A	B	14:50-15:50	G	íþróttir utan töflu, hámark utan töflu og helst 5+ efri þreps áfangar	

Með von um ánægjulegt samstarf á vorönninni.

Erla

_____

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400